





NÚVERANDI DEILISKIPULAG mkv. 1:2000 sbr.teikningu nr. 111-037 dags. 11. maí 1999 og samþykkt í borgarráði þ. 26. oktober 1999.




**HELSTU BREYTINGAR SEM GERÐAR ERU Á NÚVERANDI DEILISKIPULAGI KLETTASVÆÐIS SEM SAMÞYKKT VAR Í BORGARRÁÐI ÞANN 26.OKTOBER 1999.**
**BREYTINGARNAR VARÐA LÓÐIRNAR nr. 5 OG 9 VIÐ KLETTAGARÐA.**

Lóðamörk milli lóðanna nr. 5 og 9 við Klettagarða eru færð þannig að lóðin Klettagarðar 9 minnkar en lóðin Klettagarðar 5 stækkar. Gerður er nýr byggingarreitur í suðaustur horni lóðarinnar nr. 9 við Klettagarða.

Lóðin Klettagarðar 9 verður 13.529 fm eftir breytingu deiliskipulagsins en var 14.346 fm áður.
Lóðin Klettagarðar 5 verður 3.911 fm eftir breytingu deiliskipulagsins en var 3.094 fm áður.

**Sérskilmálar fyrir lóðina Klettagarðar 9:**
Innan nýs byggingarreits í suðaustur horni lóðarinnar er heimilt að byggja 6 smærri hús sem eru 9,5 m x14,0 m að grunnfleti til geymlu á brotamálmum, rafgeymum og öðru er til fellur við niðurbrot.
Landhæð í byggingarreit er u.þ.b. í kóta 3,90.
Leyfileg hámarkshæð bygginga er í kóta 12,0.
Nýingarhlutfall lóðar er 0,5 sbr. almenna skilmála.
Stærð lóðar verður 13.529 fm eftir breytingu á deiliskipulagi.

**ALMENNIR SKILMÁLAR FYRIR HAFNARSVÆÐI.**

**Almennir skilmálar gilda um allar lóðir á hafnarsvæðum, nema að annað sé tekið fram í sérskilmálum einstakra lóða.**

1. **Nýtingarhlufall:** Almennt skal miða við að nýtingarhlufall á lóðum og / eða farmstöðvum skuli ekki vera hærra en 0,5 , nema annað komi fram í sérskilmálum einstakra lóða.

2. **Innra skipulag** lóða svo og stærðir húsa, athafnasvæði og aðkomur skal unnið í samráði við Reykjavíkurhöfn og skal skipulag lagt inn til samþykktar hjá hafnarstjórn og til kynningar hjá Borgarskiplagi áður en lóðarhafi sækir um byggingarleyfi.

3. **Bílastæði:** Gerð er krafa um bílastæði á lóð miðað við skipulags- og byggingalög ásamt bílastæðareglum Reykjavíkurborgar 2. og 3. gr. frá 15 jan. 1987. Sé um frávik að ræða er vísað í 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar og gr. 3.1.4. í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998. Viðmiðun á hafnarsvæðum Reykjavíkurhafnar er 1 bílastæði fyrir hverja 35 fm í skrifstofuhúsnæði, 1 bílastæði fyrir hverja 100 fm í vörugeymslum og 1 bílastæði fyrir hverja 50 fm í öðru húsnæði. Á skiplagsuppdrætti er sýnd möguleg staðsetning bílastæða.

4. **Girðingar:** Gert er ráð fyrir að lóðarhafi geti girt af lóð sína. Slíkar girðingar eru háðar samþykki byggingaryfirvalda. Ennfremur skal lóðarhafi leita samþykkis Reykjavíkurhafnar á girðingunni og hafa samráð við nágranna. Sé þörf á lokaðri girðingu skal lóðarhafi sækja um það sérstaklega til Reykjavikurhafnar og skipulags- og byggingarnefndar Reykjavíkur.

5. **Frágangur lóða** skal vera í samræmi við skipulagsuppdrætti og úthlutunarskilmála. Lóðarhafar skulu hafa samráð um frágang á lóðamörkum.

6. **Mæliblöð og hæðarblöð:** Mæliblöð sýna nákvæma stærð lóðar svo og hnit og mál ytri marka hennar. Þá sýna mæliblöð byggingarreit og kvaðir ef einhverjar eru. Hæðarblöð sýna götu- og gangstéttarhæðir við lóðamörk, landhæðir og kóta aðalgólfa, frárennsislagnir og fl.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ______________ 2003.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 var samþykkt í Skipulags- og byggingarnefnd þann 24. sept. 2003.
og í borgarráði þann 30. sept. 2003.

Deiliskipulag þetta var auglýst frá 8. okt. 2003 til 19. nóv 2003.

Helga Bragadóttir

**REYKJAVÍKURHÖFN**
HAFNARHÚSINU - TRYGGVAGÖTU 17 - 101 REYKJAVÍK - SÍMI 525 8900

**KLETTASVÆÐI**

EFNI: BREYTING Á DEILISKIPULAGI LÓÐANNA NR. 5 OG 9 VIÐ KLETTAGARÐA

MKV: 1:2000

DAGS: 04.09.2003 , lagf. Jan 2004    NR: 111-050

UNDIRSKRIFT:    KT:


ARKITEKTAR GUNNAR OG REYNIR SF
LAUGAVEGI 32b
101 REYKJAVÍK
GUNNAR FRIÐBJÖRNSSON ARKITEKT FAI
REYNIR ADAMSSON ARKITEKT FAI
SÍMI: 551 1300
FAX: 552 4911
NETFANG: arkgr@simnet.is


TEIKN: